

Alþingi – nefnda- og greiningarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 22. nóvember 2023
UST202311-113/B.J.
11.08

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitímabils

Vísað er til tölvuskeytis dags. 9.11.2023 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd sendi Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma til umsagnar (154. löggjafarþing 2023-2024, Þingskjal 49 – 49. mál).

Þingsályktunartillagan er byggð á tillögum sem lagðar voru fram á 151. löggjafarþingi (279. mál) og 150. löggjafarþingi (203. mál). Tillagan var flutt á 152. og 153. löggjafarþingi (121. mál) með smávægilegum breytingum og er nú endurflutt nánast óbreytt.

Tillagan snýr að því að veita tímabundnar heimildir til veiða á eftirfarandi tegundum fugla utan hefðbundins veiðitíma þeirra:

- álf, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökrum og túnum frá 15. mars til 15. júní
- álf á kornökrum frá 1. maí til 1. október.

Leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra.

Ráðherra geri einnig stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álfir og gæsastofna á Íslandi í samvinnu við Umhverfisstofnun og hagsmunaaðila.

Ráðherra greini Alþingi frá tillögum sínum og leggi fram skýrslu um áætlunina eigi síðar en 1. desember 2024.

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Umhverfisstofnun er í grunninn ekki andvíg þeirri hugmyndafræði að hægt verði að heimila bændum takmarkaðar og skilyrtar veiðar á villtum fuglum til varnar tjóni á ræktarlandi.

Í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi og

ríkisstjórnin hyggst leggja aftur fram á 154. löggjafarþingi 2023-2024 með breytingum er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að veita tíma- og staðbundnar undanþágur frá friðunarákvæðum laga þessarar skv. 43. gr. enda séu undanþágurnar í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun.

Í 18. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um að í stjórnunar- og verndaráætlunum einstakra tegunda villtra fugla eða villtra spendýra sem talin eru líkleg til að valda tjóni skuli lagt mat á tegund tjóns, hversu mikil hættu sé á tjóni, umfang tjóns og hvort hægt væri að bregðast við hættu á tjóni með öðrum aðferðum en veiðum. Ennfremur skal þar gerð grein fyrir áætlunum áhrifum á sjálfbærni viðkomandi tegundar eða stofns og áætluðu veiðialagi.

Stofnunin bendir á að gerð slíkra áætlana er forsenda þess að hægt sé að veita tímabundnar undanþágur frá friðunarákvæðum þeirra tegunda sem um ræðir. Í því sambandi er mikilvægt að frumvarp til laga um breytingu á lögum 64/1994 nái fram að ganga og nægt fjármagn tryggt til að þær stofnanir sem að málinu koma geti unnið áætlunirnar.

Þegar áætlunir hafa verið unnar fyrir hverja tegund, þar sem ítarlega er farið í útbreiðslu, lykildúsvæði og hlutdeild viðkomandi tegundar varðandi tjón á ræktarlandi er hægt að huga að því að veita tímabundnar undanþágur frá friðunarákvæðum. Til þess að það sé raunhæft þarf stofnunin einnig að hafa svigrúm til að móta faglegan ramma um allt sem snýr að umsóknarferlinu og hvernig árangur af aðgerðum er metinn og vaktaður.

Að lokum bendir stofnunin á að stórbæta þarf mat á tjóni á ræktarlandi sem í dag byggir ekki á beinum mælingum og/eða fuglatalningum. Mjög erfitt er að byggja á þeim takmörkuðu gögnum sem safnast í gegnum núverandi skráningarkerfi og þeim þurfa einnig að fylgja faglegar úttektir. Einfalda þarf stjórnarsýslu í kringum ferlið og koma á virkara samstarfi milli allra aðila sem að því koma. Má þar nefna á milli búnaðarsambanda, ráðuneyta og stofnana.

Með vísan til framangreindrar þingsályktunartillögu tekur Umhverfisstofnun undir að veiðar á álfutum og gæsum utan hefðbundins veiðitíma í sérstökum tilfellum gætu nýst í bland við aðrar aðgerðir við að verja ræktarland bænda. Stofnunin leggst hinsvegar gegn því að slíkum úrræðum verði beitt nema að búið sé að vinna stjórnunar- og verndaráætlunir fyrir viðkomandi stofna.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefndar og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Bjarni Jónasson
teymisstjóri